# AUGLÝSING

**um staðfestingu námsbrautarlýsinga framhaldsskóla.**

1. gr.

Mennta- og menningarmálaráðherra hefur skv. 23. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, staðfest eftirfarandi námsbrautarlýsingar. Staðfesting felur í sér að lýsing á uppbyggingu námsbrauta, tengslum við atvinnulíf og/eða önnur skólastig, uppbyggingu náms á hæfniþrep, inntökuskilyrðum og skilyrðum um framvindu náms, grunnþáttum og lykilhæfni og námsmati sé í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla. Hinar staðfestu námsbrautarlýsingar teljast þar með hluti af aðalnámskrá framhaldsskóla, sbr. auglýsingu nr. 674/2011.

Staðfestingin tekur ekki til einstakra áfangalýsinga heldur lýsingar á uppbyggingu námsbrauta, tengslum við atvinnulíf og/eða önnur skólastig, uppbyggingu náms á hæfniþrep, inntökuskilyrðum og skilyrðum um framvindu náms, upplýsingum um grunnþætti, lykilhæfni og námsmat.

Skólar bera ábyrgð á að áfangalýsingar námsbrauta og kennsla falli að hæfniviðmiðum brautar og þeim ramma sem aðalnámskrá setur skólastarfi.

Nánari upplýsingar um námsbrautir má finna á vef ráðuneytisins:
https://www.stjornarradid.is/default.aspx?PageID=5ca2fcac-d742-11e6-9409-005056bc4d74.

2. gr.

| Heiti námsbrautar | Raðnúmer |
|---|---|
| Almenn námsbraut, framhaldsskólapróf, hæfniþrep 1 | (17-282-1-1) |
| Framhaldsskólabraut - línur, framhaldsskólapróf, hæfniþrep 2 | (17-351-2-3) |
| Grunnnámsbraut, framhaldsskólapróf, hæfniþrep 2 | (17-283-2-3) |
| Hársnyrtibraut, hársnyrtir, hæfniþrep 3 | (17-203-3-8) |
| Heilbrigðisritari, heilbrigðisritari, hæfniþrep 2 | (17-137-2-5) |
| Hestabraut, stúdent, hæfniþrep 3 | (17-231-3-6) |
| Íþrótta- og heilbrigðisbraut, stúdent, hæfniþrep 3 | (17-307-3-6) |
| Íþrótta- og lýðheilsubraut, stúdent, hæfniþrep 3 | (17-352-3-6) |
| Keramikbraut, viðbótarnám við framhaldsskóla, hæfniþrep 4 | (17-292-4-11) |
| Kjörsviðsbraut, stúdent, hæfniþrep 3 | (17-281-3-6) |
| Listnámsbraut, stúdent, hæfniþrep 3 | (17-343-3-7) |
| Náttúruvísindabraut, stúdent, hæfniþrep 3 | (17-207-3-6) |
| Nýsköpunarbraut, framhaldsskólapróf, hæfniþrep 2 | (17-352-2-3) |
| Starfsbraut, starfsbraut, hæfniþrep 1 | (17-354-1-12) |
| Teiknibraut, viðbótarnám við framhaldsskóla, hæfniþrep 4 | (17-291-4-11) |
| Textílbraut, viðbótarnám við framhaldsskóla, hæfniþrep 4 | (17-294-4-11) |
| Tölvufræðibraut, stúdent, hæfniþrep 3 | (17-341-3-7) |

3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 10. nóvember 2017.*

**Kristján Þór Júlíusson.**

*Ásta Magnúsdóttir.*